



Athafnarstjóri: Bjarni Jónsson, Siðmennt

Organisti: Lenka Mátéová

Söngur: Kristinn Sigmundsson og
Þóra Einarsdóttir

Sönghópur: Cantoque Ensemble

Selló: Bryndís Halla Gylfadóttir

Píanó: Tinna Þorsteinsdóttir

Ljóðalestur: Þorsteinn Gunnarsson

Ávörp: Sigurður Steinþórsson og
Þorsteinn Hannesson

Tónlist á undan athöfn: Rimlabandið
Páll Einarsson,
Egill Hreinsson og
Magnús Pálsson

Umsjón útfarar: Útfararstofa Kirkjugarðanna

*Ástvinir þakka auðsýnda samúð og vinarhug
og bjóða viðstöddum að þiggja veitingar
á Parliament Hotel við Austurvöll
að athöfn lokinni.*



Þorsteinn Vilhjálmsson

Fæddur 27. september 1940

Dáinn 10. maí 2025



Útför frá Fríkirkjunni í Reykjavík
fimmtudaginn 22. maí 2025



Forspil

Air

J.S. Bach

Dagskrárkynning

Rósin

Guðmundur Halldórsson – Friðrik Jónsson

Þrjú ljóð

Einsöngur

Ave Maria

F. Schubert

Minningarorð

Einsöngur

Stóð eg við Öxará

Tónverk eftir Karólínu Eiríksdóttur tileinkað Þorsteini Vilhjálmssyni

Stóð eg við Öxará
hvar ymur foss í gjá;
góðhesti úngum á
Arason reið þar hjá,
hjálmfagurt herðum frá
höfuð eg uppreist sá;
hér gerði hann stuttan stans,
stefndi til Norðurlands.

Úr lundi heyrði eg, hvar
hulduljóð súngið var;
fanst mér eg þekti þar
þann sem sló kordurnar:
alheill og orðinn nýr
álfurinn hörpu knýr,
ástvinur eingum jafn
alfari úr Kaupinhafn.

Stóð eg við Öxará
árroða á fjöllin brá,
kátt tók að klíngja og fast
klukkan sem áður brast,
alskærum ómi sló
útyfir vatn og skóg.
Mín klukka, klukkan þín,
kallar oss heim til sín.

Halldór Kiljan Laxness

Ávarp

Maístjarnan

Halldór Kiljan Laxness – Jón Ásgeirsson

Ávarp

Einsöngur

Fylgd

Guðmundur Böðvarsson – Sigurður Rúnar Jónsson

Kveðjuorð

Eftirspil

Svanurinn

C. Saint-Saëns

Bist du bei mir

J.S. Bach



Nokkur orð um tónverkið Stóð eg við Öxará, framvinda og samhengi texta og tóna

Öxará, Öxarárfoss, Þingvellir og Íslandsklukkan eru allt umlykjandi í þessu ljóði Halldórs Kiljans Laxness.

Í byrjun má hugsa sér vegfaranda nálgast Öxará.

Í fyrstu heyrir hann smágutl í ánni sem ágerist þangað til „ymur foss í gjá“.

Í framhjálaupi sér hann hvar Jón Arason ríður hjá áleiðis til Norðurlands, en svo nær áin og fossinn aftur athygli vegfarandans.

Í öðru erindi verða skil þar sem álfurinn og huldan fanga athyglina, álfurinn slær korður á hörpu og hulduljóð heyrir úr lundi. Vegfarandinn þekkir þar álfinn sem kominn er „alfari úr Kaupinhafn“.

Hugurinn leitar til Jónasar Hallgrímssonar og í tónlistinni heyrir tilvitnun í þekkt lag sem samið var við ljóð hans.

Í þriðja erindi er vegfarandinn aftur kominn að Öxará en nú er Íslandsklukkan „sem áður brast“ farin að slá alskærum ómi yfir vatn og skóg.

Karólína Eiríksdóttir

Um tilurð kvæðisins segir Halldór Laxness í Kvæðakveri:

Sú er saga þess kvæðis: Dagana fyrir lýðveldishátíðina 1944 fór ég að flakka, og gekk um með poka á baki um sveitir og óbygðir hér nærlendis, kom yfir Esjuna á Þíngvöllum. Yfir nokkurn hluta Mosfellsheiðar fékk ég far í vegavinnubíl lýðveldisdaginn. Vatnsveður var mikið og ég varð gegndrepa. Ég kom niður í gjána rétt um það bil sem kirkjuklukkunum var hríngt á Þíngvöllum til merkis um að Ísland væri lýðveldi. Þá vék sér að mér ókunnur maður þar í mannþyrpingunni og hvíslaði:

Það er farið að hríngja Íslandsklukkunni aftur.

Mér datt í hug þessi hending: mín klukka, klukkan þín, og varð síðan kvæðið til utanum hana.